



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

Alþingi
Erindi nr. P 138/949
komudagur 22.1.2010

Til Viðskiptanefndar Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Fax 563 0550

Umsögn um frumvarp til laga váttryggingastarfsemi – 229. mál , þskj. 254.

Reykjavík 21. janúar 2010

Varðar: Ákvæði um endurtryggingar í 5. grein frumvarpsins

Tryggingamiðstöðin hf. hefur unnið með Samtökum fjármálafyrirtækja að umsögn um frumvarpið. Afstaða félagsins til 5. gr. frv. er eindregnari en í umsögn SFF, eins og hér er gerð grein fyrir. Hvað aðrar greinar varðar lýsir umsögn SFF afstöðu félagsins líka.

Um 5. gr.

Félagið leggur til að 2. og 3. mgr. falli brott.

Takmarkanir sem lagðar eru til um kaup á endurtryggingavernd eru alvarlegar. Ekki verður séð að greinin eigi sér fyrirmynd í endurtryggingatilskipuninni sem verið er að lögfesta.

Það að kaupa váttryggingavernd á sér langa hefð og þarfnast ekki sérstakrar heimildar í lögum. Sama máli gegnir um endurtryggingavernd. Takmarkanir á því hvar endurtryggingavernd er keypt eru tilefnislausar og undanþáguheimild greinarinnar er þröng. Íðulega þarf að leita út fyrir EES með endurtryggingu á sérhæfðum áhættum, auk þess sem endurtrygging á venjulegum áhættum (heilum váttryggingagreinum, t.d. skipatryggingum eða slysatryggingum) fæst oft á betri kjörum með því að leita út fyrir EES með hluta hennar. Takmörkunin, ef að lögum verður, getur því leitt til hækkunar váttryggingaíðgjalda auk þess að raska eðlilegri stafsemi váttryggingafélaga.

Í gildandi rétti eru takmarkanir á fjárhagslegu hagræði af endurtryggingum sem keyptar eru utan EES, en váttryggingafélögum er frjálst að kaupa þær. Slíkt fyrirkomulag er eðlilegra en þær takmarkanir sem í frumvarpinu felast.

Þá skal þess getið, að athugasemdir við greinina eru einkennilegar. Gildandi 5. gr. er efnislega eins og 1. mgr. frv. Hún fjallar ekki um hvar váttryggja megi áhættur, heldur um þá sem í atvinnuskyni stuðla að því að koma váttryggingum á. Í gildandi rétti er ekki takmarkað hvar fólk og fyrirtæki kaupa váttryggingar sjálf án milligöngu annarra.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

Þá ber þess að gæta að á váttryggingafélagi hvílir ekki lagaskylda að endurtryggja þá frumtryggingaráhættu sem það hefur tekið á sig þótt endurtryggingarvernd váttryggingafélags geti vissulega skipt miklu máli fyrir gjaldþol þess. Því er það mjög öfugsnúið að setja váttryggingafélagi eins þröng skilyrði um kaup á endurtryggingum og ákvæði frv. mæla fyrir um. Það er öllu eðlilegra, og fullnægjandi frá eftirlitssjónarmiði, að endurtryggingarvernd hvers félags sé metin sem hluti af fjárhagslegum styrk þess, gjaldþoli og eignum á móti váttryggingaskuld.

Undirritaðir veita nánari upplýsingar um þessi atriði ef óskað er.

Virðingarfyllst

f.h. Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Helgi Þórsson
helgith@tm.is
beinn sími 5152 21 45

Valgeir Pálsson
valgeir@tm.is
beinn sími 5152111